

Sátt Mílu hf. og Samkeppniseftirlitsins

Aðfararorð

- A. Þann 23. október 2021 undirrituðu AB 855 ehf. og Síminn hf. (hér eftir „*Síminn*“) kaupsamning þar sem AB 855 ehf. keypti 100% eignarhlut í Mílu ehf. (í dag Míla hf. (hér eftir „*Míla*“)). AB 855 ehf. er í eigu tveggja sjóða sem er stýrt af Ardian France SA (hér eftir „*Ardian*“). Kaupin á öllu hlutafé í Mílu fólu í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 16/2023, *Kaup Ardian á öllu hlutafé í Mílu ehf. af Símanum*. Auk Ardian fer KFM Eignarhaldsfélag slhf. með um 10% eignarhlut fyrir hönd íslenskra lífeyrissjóða. KFM Eignarhaldsfélag slhf. er stýrt af Summa Rekstrarfélagi hf.
- B. Kaup Ardian á Mílu af Símanum fól í sér samruna sem var til þess fallinn að raska samkeppni með umtalsverðum hætti. Var því talið nauðsynlegt að grípa til íhlutunar sem að lögum gat falið í sér ógildinguna samrunans eða setningu skilyrða. Samkeppniseftirlitið, Ardian og Míla voru sammála um að unnt væri að vinna gegn skaðlegum áhrifum samrunans með setningu skuldbindandi skilyrða í sátt samkvæmt 17. gr. f samkeppnislaga. Var sáttin undirrituð af Ardian og Samkeppniseftirlitinu 15. september 2022 og af nýrri stjórn Mílu 6. október sama ár.
- C. Þann 20. mars 2024 barst Samkeppniseftirlitinu erindi frá Mílu þess efnis að fyrirtækið teldi, sökum breytinga á markaðsaðstæðum, tilefni til endurskoðunar á sáttinni og að fella bæri sáttina í heild sinni úr gildi eða þrengja skilyrði hennar verulega frá því sem þegar væri. Í kjölfar framkominna athugasemda Samkeppniseftirlitsins sendi Míla frekari athugasemdir og skýringar til Samkeppniseftirlitsins þann 21. maí 2024 og 26. júní 2024.
- D. Þann 3. júlí 2024 tilkynnti Samkeppniseftirlitið Mílu að beiðni fyrirtækisins væri fullnægjandi og að 115 virkra daga frestur samkvæmt 11. gr. sáttarinnar til að taka afstöðu til erindis Mílu hefði byrjað að líða sama dag. Undir rekstri málsins var þessi frestur framlengdur fimm sinnum að ósk Mílu.
- E. Við athugun á beiðni Mílu hefur Samkeppniseftirlitið aflað gagna um aðstæður á þeim mörkuðum sem Míla starfar og aflað sjónarmiða fyrirtækja á viðkomandi mörkuðum, frá Fjarskiptastofu og eftirlitsaðila sáttarinnar. Einnig hefur eftirlitið kallað eftir innanhússgögnum frá Mílu.
- F. Þann 2. desember 2024 greindi Samkeppniseftirlitið Mílu frá því að við athugun á gögnum fyrirtækisins hefðu komið fram vísbendingar um brot þess á sáttinni. Þann 9. desember 2024 sendi Ljósleiðarinn hf. Samkeppniseftirlitinu kvörtun þar sem því var haldið fram að tilteknar markaðsaðgerðir Mílu væru í andstöðu við sáttina og bannreglur samkeppnislaga. Með bréfi frá 20. desember 2024 gerði Samkeppniseftirlitið Mílu grein fyrir því að ákveðið hefði verið að hefja formlega rannsókn á háttsemi fyrirtækisins vegna mögulegra brota á ákvæðum sáttarinnar og mögulegra brota á 10. og 11. gr. samkeppnislaga.



- G. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins frá 3. mars 2025 var Mílu birt andmælaskjal vegna ætlaðra brota fyrirtækisins gegn skilyrðum sáttarinnar. Fram kom í andmælaskjalinu að Samkeppniseftirlitið teldi ekki unnt að taka endanlega afstöðu til beiðni fyrirtækisins um breytingar á sáttinni fyrr en leitt væri í ljós hvort grunur um ætluð brot Mílu ætti við rök að styðjast.
- H. Athugasemdir frá Mílu við andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins bárust 23. maí 2025. Samkeppniseftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum Fjarskiptastofu, Ljósleiðarans og fleiri fjarskiptafyrirtækja við andmælaskjalið og athugasemdir Mílu við það. Bárust þessar umsagnir í júlí, ágúst og september 2025.
- I. Míla sneri sér síðan til Samkeppniseftirlitsins og óskaði eftir formlegum viðræðum um hvort unnt væri að ljúka rannsókn á ætluðum brotum fyrirtækisins með sátt. Óskaði fyrirtækið einnig eftir því að samhliða sáttaviðræðum vegna ætlaðra brota yrði rætt um mögulegar breytingar á sáttinni frá september 2022 vegna þeirra breytinga á aðstæðum á markaði sem Míla taldi að átt hefðu sér stað. Samkeppniseftirlitið féllst á báðar þessar óskir Mílu, sbr. yfirlýsingu sem eftirlitið og fyrirtækið undirrituðu 29. september 2025. Var þannig lagt til grundvallar í yfirlýsingunni að ef það næðist niðurstaða í þessum viðræðum muni „ný sátt ekki einungis fela í sér lyktir brotamálsins heldur mun hún einnig fela í sér breytingar á sáttinni frá 2022“.
- J. Viðræður Samkeppniseftirlitsins og Mílu leiddu til þeirrar niðurstöðu sem felst í sátt þessari. Í þeirri niðurstöðu felst að Míla viðurkennir tiltekin brot, greiðir sekt og fellst á að hlýta fyrirmælum sem ætlað er að vinna gegn því að brot endurtaki sig og að skerpa á þeim skilyrðum sem í sáttinni felast. Eru þau fyrirmæli gerð hluti af sáttinni frá 2022. Eru þetta endanlegar lyktir á rannsókn Samkeppniseftirlitsins á brotum Mílu. Í þessari sátt felst einnig að sökum breytinga á markaðsaðstæðum, sem rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós, eru gerðar breytingar á sáttinni frá september 2022 og tilteknar kvaðir felldar niður til þess að tryggja að sáttin stuðli að samkeppni á þeim mörkuðum þar sem Míla starfar.

I. Háttsemi Mílu

1. gr.

Míla viðurkennir að hafa á árunum 2023-2024 farið gegn skilyrðum sem fram koma í sáttinni sem undirrituð var af Ardian og Samkeppniseftirlitinu 15. september 2022 og af Mílu 6. október sama ár.

Nánar tiltekið viðurkennir Míla eftirfarandi:

Að tíðni og umfang samskipta milli Mílu og Símans á tímabilinu október 2023 til desember 2024 hafi verið til þess fallið að takmarka hvata Símans til að kaupa heildsölupjónustu frá samkeppnisaðilum Mílu, umfram það sem leiddi af kaupskyldu Símans samkvæmt heildsölusamningnum, í andstöðu við markmið 4. og 8. gr. sáttarinnar.



2. gr.

Vegna framangreindra brota fellst Míla á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð 200.000.000 króna. Sektina skal greiða inn á reikning 0001-26-25874, kt. 540269-6459, í eigu ríkissjóðs eigi síðar en mánuði eftir dagsetningu þessarar sáttar.

3. gr.

Með undirritun sáttar þessarar telst því máli lokið sem lýtur að þeim brotum sem tilgreind eru í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins frá 3. mars 2025. Í samræmi við lokamálslið 1. mgr. 17. gr. f samkeppnislaga er sáttin bindandi fyrir Mílu og verður efni hennar og meðferð Samkeppniseftirlitsins á málinu því hvorki borin undir áfrýjunarnefnd samkeppnismála né dómstóla. Í samræmi við framangreint kemur ekki til frekari rannsóknar og málsmeðferðar gagnvart Mílu, starfsfólki þess eða öðrum einstaklingum og tengdum fyrirtækjum, af hálfu Samkeppniseftirlitsins, vegna þeirra atvika sem lýst er í andmælaskjali Samkeppniseftirlitsins frá 3. mars 2025.

II.

Breytingar á sáttinni frá 2022 vegna háttsemi Mílu

4. gr.

Við sáttina frá 2022 bætist við nýtt ákvæði sem verður gr. 8.1 og hljóðar svo:

Frekari aðgerðir til að tryggja samkeppni

Tilgangur sáttar þessarar er m.a. að tryggja að samkeppni geti ríkt um þau viðskipti Símans sem falla utan gildissviðs heildsölusamnings Mílu og Símans, sbr. m.a. gr. 4.5 og 8. gr. sáttarinnar. Til þess að stuðla enn frekar að þessu fellst Míla á eftirfarandi skuldbindingar:

- a. Mílu er óheimilt að eiga í reglubundnum eða kerfisbundnum samskiptum við Símann í þeim tilgangi að stuðla markvisst að tilfærslu viðskiptavina frá netum keppinauta yfir á net Mílu, nema að því marki sem heimilt er samkvæmt heildsölusamningnum.
- b. Míla skuldbindur sig til þess að túlka framvegis samningsbundnar tengingar Símans hjá Mílu (e. „Lump-Sum Connections“) sem kveðið er á um í grein 7.2.2 í heildsölusamningi fyrirtækjanna þannig að þær taki bæði til ljósleiðara- og kopartenginga.

III.

Breytingar á sáttinni frá 2022 vegna breyttra markaðsaðstæðna

6. gr.

Við 5. gr. sáttarinnar frá 2022 bætist við ný málsgrein, sem verður sjötta málsgrein, svohljóðandi:

Hvað varðar markaði fyrir heimtaugar og bitastraum á ákvæði þetta aðeins við um svæði/sveitarfélög þar sem Míla hefur verið útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk samkvæmt greiningum og niðurstöðu Fjarskiptastofu á grundvelli 44. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti á hverjum tíma.



7. gr.

Ákvæði 3. mgr. 6. gr. sáttarinnar frá 2022 orðist svo:

Skylda Mílu samkvæmt 1. mgr. nær ekki til nýjunga, lausna eða þjónustu sem þróaðar eru að frumkvæði viðskiptavinar Mílu, enda teljist slík lausn ekki hluti af almennu vöru- eða þjónustuframboði Mílu. Verði slík lausn eða nýjung síðar hluti af almennu vöru- eða þjónustuframboði Mílu, skal upplýsingaskylda samkvæmt 1. mgr. taka til hennar frá þeim tíma.

8. gr.

Við 6. gr. sáttarinnar frá 2022 bætist við ný málsgrein, sem verður fjórða málsgrein, svohljóðandi:

Hvað varðar markaði fyrir heimtaugar og bitastraum á ákvæði þetta aðeins við um svæði/sveitarfélög þar sem Míla hefur verið útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk samkvæmt greiningum og niðurstöðu Fjarskiptastofu á grundvelli 44. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti á hverjum tíma.

9. gr.

Við 7. gr. sáttarinnar frá 2022 bætast við nýjar málsgreinar, sem verða fjórða og fimmta málsgrein, svohljóðandi:

Heimilt er að í heilðsöluvöndli felist lægra verð en samanlagt verð þeirra stöku vara/þjónustu sem mynda viðkomandi vöndul. Þetta er þó háð því að Míla geti á hverjum tíma sýnt fram á kostnaðarlegt hagræði sem réttlætir þann afslátt sem felst í viðkomandi heilðsöluvöndli.

Hvað varðar vörur eða þjónustu undir stafliðum c. og d. í 1. mgr. taka þær aðeins til svæða/sveitarfélaga þar sem Míla hefur verið útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk samkvæmt greiningum og niðurstöðu Fjarskiptastofu á grundvelli 44. gr. laga nr. 70/2022 um fjarskipti á hverjum tíma.

10. gr.

10. gr. sáttarinnar frá 2022 orðast svo:

Samkeppniseftirlitið annast eftirlit með því að Míla virði ákvæði þessarar sáttar.

11. gr.

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari geta varðað viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga, sbr. einnig 1. mgr. 13. gr. sáttarinnar frá 2022.

Reykjavík, 18. mars 2026

f.h. Samkeppniseftirlitsins

f.h. Mílu